

19 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um yfir-*
 29. jan. *setunám hjá hjeraðslæknum.* — Jafnframt því að senda umkvörtun hrepps-
 nefndaroddivitans í Lýtingsstaðahreppi um, að hjeraðslæknirinn á Akureyri hafi neitað að
 kenna stúlku úr nefndum hreppi yfirsetukvennafræði, hafið þjer, herra amtmaður í þóknanlegu
 brjefi frá 11. þ. m. lagt það til, að hjeraðslækninum verði gjört að skyldu að kenna nefnda
 fræði kauplaust stúlkum þeim, er þess æskja, og sem hlutaðeigandi yfirvöld álíti hæfar til
 að gegna yfirsetustörfum samkvæmt lögum 17. desbr. 1875.

Fyrir því vil jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður herra amtmaður, að tjá
 hjeraðslækninum á Akureyri, að hann samkvæmt 5. gr. laga 17. desbr. 1875 er skyldur
 til ókeypis að láta í tje kennslu og halda próf í yfirsetukvennafræði yfir Sveini þeim,
 er ætla sjer að takast á hendur yfirsetustörf í einhverju af yfirsetukvennahjeruðum þeim,
 er stofnuð eru með nefndum lögum, og sem amtmaður samkvæmt tillögum hlutaðeigandi
 sýslunefndar eða sveitarstjórnar hefir skipað til að afstöðnu prófi að gegna slíkum störfum.

Þjer eruð beðnir að tilkynna hreppsnefndinni í Lýtingsstaðahreppi þenna úr-
 skurð minn.

20 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu um*
 3. febr. *fyrirhuguð störf Sveins búfræðings 1879.* — Í þóknanlegu brjefi frá
 7. nóvbr. f. á. hafið þjer herra amtmaður farið fram á, að jeg vildi samþykkja, að Sveinn
 búfræðingur Sveinsson mætti einnig á yfirstandandi ári vera í þjónustu norður- og
 austuramtsins. Fyrir því vil jeg hjer með veita nefnt samþykki þannig að Sveini verði
 af upphæð þeirri, er norður- og austurumdæminu ber á yfirstandandi ári af tje því, er
 veitt er með 10. gr. C. 5. fjárlaganna, eða þá af jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmis-
 ins, greidd laun þau m. m., er honum hafa heitin verið, og vísa jeg með tilliti hjer til í
 brjef mitt frá 20. marz. f. á. (stjórnartíð. B. 45).

21 — *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um húsaskatt.* —
 3. febr. Í þóknanlegu brjefi frá 23. nóvbr. f. á. hafið þjer, herra sýslumaður með tilliti til fram-
 kvæmdar á lögum um húsaskatt 14. desbr. 1877 spurt:

1, Hvort þjer sjeuð skyldir að borga húsaskatt af húsi yðar; standi svo á, að
 hús þetta sje nokkra faðma fyrir utan lóð Eskifjarðarkaupstaðar á svo kölluðu Lamb-
 eyrartúni, er þjer keyptuð í vor, sje Lambeyrartún þetta partur, þó ekki enn
 metinn til dýrleika, úr jörðinni Lambeyri, sem í jarðabókinni er metin til dýr-
 leika, og borgið þjer og eigandi hins hluta jarðarinnar Lambeyrar eptir samkomulagi
 í sameiningu jarðarskatt af nefndri jörð, eins og þjer borgið lausafjárskatt af þeim
 gripum, sem framflytjast á þessu túni yðar.

2, Hvort leggja skuli saman, þá er reikna skal út húsaskatt eins manns öll hús

Uppgjafaprestar töldust 18, en af þeim höfðu 2 ekki fengið eptirlaun sín ákveðin, og verða þau að lík-
 indum um 1000 kr., er bætast við fyrnefndar 6114 kr. 27 a. Mestan styrk 696 kr. hafði síra Magnús á
 Grenjadarstað haft, minnstan 50 kr., síra Hjalti frá Stað á Snæfjallaströnd. Prestaekkjur voru alls 73, af
 þeim höfðu 15 alls engan styrk, 1 hefir ekki fengið eptirlaun sín ákveðin enn, minnst hafði Sigríður
 Guðmundsdóttir frá Kálfholti, 20 kr., mest Margrjet Sigurðardóttir frá Hitardal, 266 kr.